

Reglur

um sölu, notkun og úthlutun mjólkur í Reykjavík þegar mjólkurskortur er í bænum.

Samkvæmt heimild í lögum um mjólkursölu í Reykjavík frá 26. f. m., 3. og 4. gr., og í reglugjörð um mjólkursölu í Reykjavík 2. gr. eru hjermeð settar eftirfarandi reglur um sölu, notkun og úthlutun mjólkur í Reykjavík, þegar mjólkurskortur er í bænum.

1. gr.

Borgarstjóri gefur út mjólkurseðla handa:

- a. Börnum á öðru aldursári.
- b. Börnum á 1. ári gegn vottorði læknis eða yfirsetukonu.
- c. Sjúklingum og gamalmönnum gegn læknisvottorði.

2. gr.

Mjólkurseðlar skulu hljóða á nafn húsráðanda. Á seðlunum skal tiltekið í hvaða mjólkurbúð mjólkinn verði afhent, og stærð mjólkurskamts þess, sem seðillinn veitir rjett til. Ennfremur skulu á honum standa ákvæði um það, hvenær hann missi gildi.

Nú berst svo lítil mjólk til bæjarins, að ekki er unt að fullnægja afgreiðslu mjólkur samkvæmt mjólkurseðlum þeim, sem út hafa verið gefnir, eða nauðsynlegt verður að gefa út, og getur borgarstjóri þá með auglýsingu fært niður mjólkurskamt þann, sem seðlarnir hljóða upp á, án þess að þeir að öðru leyti missi gildi sitt.

3. gr.

Sá, sem vill fá mjólkurseðil, gefi sig fram á þeim stað, er borgarstjóri auglýsir, og sýni þar skilríki fyrir því, að hann hafi rjett til mjólkurseðils samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Sá, sem hefir fengið mjólkurseðil og vill fá mjólk samkvæmt honum, skal sýna seðilinn í mjólkurbúð þeirri, er seðillinn tiltekur, og afhenda þar eigi síðar en kl. 10 árdegis borgun fyrir mjólkina og ílát undir hana. Nafn og heimili hlutaðeiganda skal vera greinilega letrað á ílátið sjálft, eða á spjald, sem fest er við ílátið. Hefir eigandi mjólkurseðilsins þá forgangsrjett fyrir öðrum kaupendum, þeim er ekki hafa mjólkurseðla, til þess að fá keypta svo mikla mjólk, sem tiltekið er á seðlinum. Sækja verður hann mjólkina samdægurs fyrir lokunar-

108 tíma mjólkurbúðarinnar, ella hefir hann fyrirgjört rjetti sínum til mjólkurinnar og
 10. nóv. getur ekki krafist að fá endurgreitt andvirði hennar.

5. gr.

Sjerhverjum mjólkursala er skylt að mæla daglega mjólkurskamtana og láta í ílát þau, sem afhent eru í búðinni samkvæmt 4. gr., áður en nokkur mjólk er seld eða látin af hendi til annara úr búðinni þann sama dag.

6. gr.

Meðan reglur þessar eru í gildi er bönnuð sala mjólkur eða rjóma til neyslu á sölustaðnum og til neyslu í veitingahúsum og kaffihúsum, svo og notkun mjólkur og rjóma til niðursuðu eða til sælgætis, sem gjört er í brauðgjörðarhúsum eða í sambandi við aðra atvinnu, til sölu handa almenningi.

7. gr.

Meðan reglur þessar eru í gildi má ekki selja mjólk og rjóma annarsstaðar í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, en í mjólkurbúðum, sem bæjarstjórnin hefir löggilt. Er bæjarbúum, sem framleiða mjólk til sölu, því óheimilt að selja hana í heimahúsum, og öllum, sem selja mjólk til bæjarmanna, óheimilt að afhenda hana til kaupenda öðruvísi en fyrir milligöngu mjólkurbúðar.

Sömuleiðis er bæjarbúum öllum óheimilt að kaupa mjólk annarsstaðar en í mjólkurbúðum meðan reglur þessar eru í gildi.

Undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar getur borgarstjóri veitt:

- a. Þeim mjólkurframleiðendum í bænum, sem aðeins hafa eina kú.
- b. Einnig að öðru leyti, þegar ekki er svo mikill mjólkurskortur í bænum, að nauðsyn sje að beita þessum ákvæðum til þess að tryggja forgangsjett þeirra til mjólkur, sem hafa mjólkurseðla.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum 5., 6. og 7. greinar varða sektum alt að 1000 kr.

9. gr.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað. Þegar ekki er lengur mjólkurskortur í bænum, gefur borgarstjóri út auglýsingu um það, og falla reglurnar þá úr gildi, þangað til borgarstjóri auglýsir aftur að mjólkurskortur sje í bænum.

Reglugjörð þessi staðfestist hjermeð, samkvæmt framangreiudum lögum, til að öðlast þegar gildi.

Í stjórnarráði Íslands 10. nóvember 1917.

Sigurður Jónsson.

 Jón Hermannsson.